

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

Fundur

Fundur haldinn í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra fimmtudaginn 28.4. 2016 að Sæmundargötu 1, Sauðárkróki kl: 12. Mættir eru undirritaðir auk Sigurjóns Þórðarsonar framkvæmdastjóra og Sigríðar Hjaltadóttur. Kristinn Kristjánsson tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagsskrá:

1. Reikningar HNV fyrir ári 2015
2. Starfsskýrsla fyrir árið 2015
3. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits.
4. Bréf frá Fjallabyggð vegna uppgjors á ógreiddum eftirlitsgjöldum.
5. Starfsleyfi.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Reikningar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2015 lagðir fram og kynntir
Rekstrartekjur: 39.649.624 kr.
Rekstrargjöld: 38.156.404 kr.
(Rekstrartap) hagnaður fyrir fjármagnsliði: 1.493.220
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld: (89.485)
Rekstrarniðurstaða ársins: 1.403.735
Heilbrigðisnefnd samþykkir reikninga og lýsir ánægju yfir að rekstur hafi verið í samræmi við áætlanir.
2. Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlitsins lögð fram til kynningar og lagt til að hún fari til birtingar á heimasíðu eftirlitsins.
3. Farið var yfir bréf Sambands Íslenskra Sveitarfélaga og eftirfarandi bókun samþykkt:

Nokkur vandi er að bregðast við erindinu með skýrum hætti, þar sem hvorki liggur fyrir um hvaða nýju eftirlitsverkefni munu flytjast til heilbrigðiseftirlitanna, né heldur hvaða skipulagsbreytingar stjórn Samband íslenskra sveitarfélaga sér fyrir sér. Á síðustu árum hefur raunin verið sú að eftirlitsverkefni hafa flust frá sveitarfélögum og til ríkisins og má þar nefna sem dæmi; eftirlit með fiskeldi, efnavörum, mjólkurstöðvum, kjötvinnslum og framleiðslu á kítósan. Það sem ráðið hefur för við framangreindan flutning verkefna frá sveitarfélögum til ríkisins, er ekki að það hafi verið gerðar efnislegar athugasemdir við framkvæmd eftirlits í héraði, heldur virðist miklu frekar vera sem greitt aðgengi ríkisstofnanna að ráðuneytum hafi leitt til fyrrgreindra breytinga á regluverkinu.

Þau drög að frumvarpi sem kynnt var fyrr á þessu ári, um breytingar á lögum nr. 7/1998 fela í raun í sér aukinn flutning verkefna til ríkisins, en með þeim mótsagnakenndu rökum að verið sé að efla Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Í bréfi sambandsins eru talin upp 8 atriði almenns eðlis sem nefnd voru í skilagrein starfshóps sem tækifæri til endurbóta á núverandi regluverki. Mörg af þessum atriðum sem nefnd í eru í bréfinu eru nú þegar í mjög góðum farvegi a.m.k. á það við um áhættumat við eftirlit, samræmd viðbrögð við frávikum og þvingunarúrræðum. Heilbrigðisnefnd leggur til að aukin áhersla verði lögð á endurskoðun á faglega regluverkinu, sem snýr beint að því hvaða umgjörð eigi að vera um mengandi starfsemi, á borð við reglugerð um varnir gegn olíumengun, sem er frá árinu 1994 og reglugerð um fráveitur sem er frá árinu 1999.

Heilbrigðisnefnd þarf einnig að fá betri verkfæri til þess að standa að hreinsunarstarfi á einkalóðum og bújörðum, þar sem brotajárns- og ruslasöfnun er komin út fyrir öll skynsamleg mörk.

Í bréfi SÍS, kemur fram að skoða eigi þann möguleika að fækka heilbrigðiseftirlitssvæðum og vill því Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra vara við hugmyndum um mjög stór eftirlitssvæði. Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, er nú þegar mjög víðfemt. Ef eftirlitssvæðin verða látin ná yfir mikið stærra svæði, en starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga er hættu á að slíkar breytingar skerði nær þjónustu, þegar til lengri tíma er litið og að ákvarðanatöku verði fjarlæg gagnvart fyrirtækjum og almannahagsmunum. Ákvarðanir eru nú í höndum þeirra sem þekkja vel til staðbundinna aðstæðna. Staðarþekking heilbrigðisnefnda sveitarfélaga nýtist við sveigjanlega og markvissari ákvarðanatöku í stað algerrar miðstýringar þeirra sem ekki eru öllum hnútum kunnugir. Miðstýringin stríðir enn fremur gegn inntaki Staðardagskrár 21, en rauði þráðurinn í stefnunni gengur út á að virkja almenning og nærsamfélagið til siðferðisleggrar umhverfisvitundar og virkrar þátttöku í umhverfismálum.

Heilbrigðisnefnd telur rétt að fara þá leið fyrst að skoða rekstrarlegt hagræði að því að efla svæðið inn á við með auknu samstarfi við aðra aðila sem eru að sinna; stjórnsýslu, rannsóknnum og eftirliti á starfssvæði nefndarinnar.

Heilbrigðisnefnd leggur þunga áherslu á að hlutverk og verkefni heilbrigðisnefnda verði ekki skert á nokkurn hátt og að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði eftir sem áður sjálfstæðar stjórnsýslustofnanir heima í héraði með skýr og óskert þvingunarúræði.

4. Farið yfir bréf Fjallabyggðar vegna ógreiddra eftirlitsgjalda. Til þess að gætt sé samræmis við afgreiðslu málsins við sambærileg mál annarra aðildarsveitarfélaga Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, þá er ekki unnt að verða við ósk um endurgreiðslu á umræddum eftirlitsgjöldum. Ósk um endurgreiðslu hefði þurft að koma mun fyrr fram en raun ber vitni. Nefndin bendir á að með nýju verklagi við innheimtu eftirlitsgjalda sem tekið var upp frá og með síðustu áramótum, þá heyrir það sögunni til að vanefndir á greiðslu eftirlitsgjalda lendi með beinum hætti á aðildarsveitarfélögum.

5. Starfsleyfi

- a) Mál nr. 1197 reglug. 941/2002
Brynjar Harðarson v/Siglocabin ehf.Fjallabyggð
Kt: 580815-1620
Samþykkt til:28.4.2028
- b) Mál nr. 1198 reglug. 941/2002
Jón Eiríksson v/ Ferðaþjónusta Reykjum Reykjaströnd, Skagafirði
Kt: 081229-2469
Samþykkt til: 28.4.2028
- c) Mál nr, 1199 reglug. 941/2002
Fríða Jónasdóttir v/Ferðaþjónusta Hávegi 37, Fjallabyggð
Kt: 211072-4239
Samþykkt til: 28.4.2028
- d) Mál nr. 1200 reglug. 941/2002
Ingvar H Jakobsson v/Ferðaþjónsta Ytri Árbakka, Húnaþingi vestra,
Kt: 150351-3759
Samþykkt til: 28.4.2028
- e) Mál nr. 1201 reglug. 941/2002
Friðleifur E. Guðmundsson v/ Green Highlander ehf.
Kt: 471113-0340,

Við afgreiðslu málsins vék Kristinn Kristjánsson af fundi.

- Samþykkt til: 28.4.2028
- f) Mál nr. 1202 reglug.785/1999
Sverrir Björnsson v/Grásleppuvinnsla Sverrir Björnsson ehf., Siglufirði.
Kt: 470384-0189
Samþykkt til: 28.4.2028
- g) Mál nr. 1203 reglug. 852/2004
Hákon Sæmundsson v/GH fiskur ehf. Siglufirði
Kt: 240479-3469
Samþykkt til: 28.4.2028
- h) Mál nr. 1204 reglug. 6941/2002
Pétur Pétursson v/ Hótel Laugabakki, Höst ehf. Húnaþingi vestra
Kt: 150115-0260
Samþykkt til: 28.4.2028
- i) Mál nr. 1205 reglug. 941/2002
Inga Elsa Bergþórsdóttir v/Háljós ehf. Blönduósi
Kt: 451101-3470
Samþykkt til: 28.4.2028

6. Önnur mál.

Fleira ekki gert, fundi slitið
Sigríður Magnúsdóttir
Haraldur Þór Jóhannsson
Ína Ársælsdóttir

Guðný Helga Kristjánsdóttir
Anna Margrét Sigurðardóttir
Kristinn Kristjánsson